

**55. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps 17. september 2019 og hófst hann
kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

lða Marsibil Jónsdóttir (IMJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn María Ósk Óskarsdóttir (MÓÓ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Jónsson (MJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Rebekka Hilmarsdóttir (RH) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

Dagskrá:

1. Minjasafn Egils Ólafssonar - Ársreikningur 2018 - 1903130

Forstöðumaður Minjasafnsins á Hnjóti lagði fram ársreikning safnsins fyrir árið 2018. Tekjur ársins voru 21.818.531 kr. og gjöld 24.185.199 kr. fyrir utan fjármunatekjur, sem voru 79.935 kr. Tap ársins er því 2.286.715 kr. sem skýrist m.a. vegna uppgjors við Brú-lífeyrissjóð á árinu.

Nefndin beinir því til forstöðumanns að gæta áframhaldandi aðhalds í rekstri safnsins og felur forstöðumanni einnig að leggja fram stöðu skv. fjárhagsáætlun 2019 á næsta fundi nefndarinnar ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn staðfestur samhljóða.

2. Listasafn Vestur-Barðastrandarsýslu - 1909044

Rætt um listaverk í eigu Héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu. Skráning á verkunum lögð fyrir á næsta fundi nefndarinnar. Frekari umræðu um málið frestað fram að næsta fundi.

3. Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands - 1909045

Í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands er tilnefndur Guðni Ólafsson aðalfulltrúi og Magnús Jónsson varafulltrúi.

Staðfest samhljóða.

4. Vesturbyggð - Aðalskipulag 2018-2030 - 1903024

Lögð fyrir til kynningar drög að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2030.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.14:03.

María Ósk Óskarsdóttir
(MÓÓ)

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir
(ÞSÓ)

Magnús Jónsson (MJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Rebekka Hilmarsdóttir (RH)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)